

SAMÞYKKT

16

13. febr.

um forkaupsrétt Siglufjarðarkaupstaðar á hafnarmannvirkjum o. fl.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 frá 23. júní 1932 um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl. hefir bæjarstjórn Siglufjarðar gert eftirfarandi samþykkt:

Siglufjarðarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á öllum útgerðarstöðvum með lóðarréttindum frá bryggjum Síldarverksmiðja Ríkisins, suður að svokölluðu anleggi og á móts við það og suður af því, en það eru eftirtaldar útgerðarstöðvar:

Síldarstöð og lóðarréttindi: Friðriks Guðjónssonar, (Baldur) h/f Ásgeir Pétursson, Ólavs Hendriksen, H. Thorarensen, dánarbús Ragnars Ólafssonar.

Dráttarbrautin, O. Ragnars.

Vélsmiðja Siglufjarðar, Magdalena Olsen.

Síldarstöð og lóðarréttindi: Dánarbús Halldórs Jónssonar, Edvins Jacobsen, Ingvars Guðjónssonar, Jóns Hjaltalín, Friðleifs Jóhannssonar o. fl., með lifrarbræðslu, Alfons Jónssonar, O. Tynes og Indiönu Tynes, Ástu Maren og Guðbjargar Malmqvist, Einars og Friðriks Einarssona, Antons Jónssonar & Co, Skafta Stefáns-sonar, h/f Njörður.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hérmeð til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. febrúar 1939.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

17

22. febr.

um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, samkvæmt lögum nr. 24 1. febr. 1936.

1. gr.

Almennt eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum (samkv. skilgreiningu í 2. og 3. gr. laga nr. 24 1. febr. 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum) og dreifingu þeirra annast héraðslæknar hver í sínu héraði með aðstoð heilbrigðisfulltrúa, þar sem þeir eru, en í umboði heilbrigðisnefnda eða lögreglustjóra (sbr. 7. gr. nefndra laga).

2. gr.

Héraðslæknir skal jafnan hafa óhindraðan aðgang til eftirlits og töku sýnis-horna skv. fyrirmælum um eftirlitsmenn í 7. gr. laga nr. 24 1. febr. 1936. Sömu réttindi hafa og fulltrúar hans við eftirlitsstarfseminu, enda hafi þeir umboð áritað af lögreglustjóra.

3. gr.

Héraðslæknir heldur eftirlitsbækur yfir alla tilkynningarskylda starfsemi (skv. 10. gr. almennra reglna um tilbúning og dreifingu á matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum nr. 49 15. júlí 1936) í héraði sínu. Skal hann skoða eða láta skoða allt viðkomandi slíkri starfsemi eigi sjaldnar en einu sinni á ári, en oft